

# REGLUR

## um úthlutun örorkustyrkja.

### 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til þeirra öryrkja, sem misst hafa frá 50 - 75% starfsorku sinnar, skv. mati tryggingayfirlæknis og eru á aldrinum 16 - 67 ára.

Heimilt er að úthluta viðbót til þeirra sem hafa börn innan 18 ára á framfæri sínu. Viðbótin má ekki vera hærri en 75% af barnalífeyri fyrir hvert barn á framfæri.

Heimilt er að úthluta örorkustyrk til þeirra, sem stunda fullt starf ef sannað er, að örorkan hafi í för með sér verulegan aukakostnað vegna tækja, lyfja, læknskostnaðar og hjálpartækja.

### 2. gr.

Við úthlutun styrkja skal hafa hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda.
2. Örorkustigi umsækjanda, með tilliti til þess starfs er hann stundar eða kostur er á.
3. Fjölda barna umsækjanda innan 18 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir.

### 3. gr.

Um fjárhæðir örorkustyrkja fyrir bótaþega 62ja ára og eldri:

1. Örorkustyrk bótaþega 62ja ára og eldri skal skerða eftir sömu reglum og örorkulífeyrir er skertur, þ.e. skerðing hefst ef tekjur eru hærri en kr. 871 373 á ári og er skerðingin 25% þeirra tekna, sem umfram eru þessi mörk, uns hann fellur niður við árstekjur kr. 1 463 164.
2. Örorkustyrkur fellur niður ef árstekjur nema kr. 1 463 164 eða meira.

Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrisjóðum.

### 4. gr.

Um fjárhæðir örorkustyrkja fyrir bótaþega 16 - 62 ára:

1. Ef árstekjur fara ekki yfir kr. 871 373 nemur styrkurinn 75% af lífeyri.
2. Ef árstekjur eru á bilinu kr. 871 373 - 1 463 164 nemur styrkurinn 75% þeirrar upphæðar lífeyris, sem skerst hefur skv. sömu reglum og örorkulífeyrir er skertur.
3. Örorkustyrkur fellur niður ef árstekjur nema kr. 1 463 164 eða meira.

Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrisjóðum.

### 5. gr.

Umsóknir skulu sendar viðkomandi umboðsmanni, í Reykjavík - aðalskrifstofunni, sem framsendir síðan umsóknirnar, ásamt athugasemdum sínum og meðmælum, aðalskrifstofunni til úrskurðar.

### 6. gr.

Við úthlutun örorkustyrkja frá og með 1. júlí ár hvert skulu hafðar til viðmiðunar tekjur almanaksársins á undan.

## 7. gr.

Tryggingaráð ákvarðar fjárhæðir viðmiðunartekna ár hvert.

## 8. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og staðfestast hér með til þess að öðlast gildi 1. júlí 1992 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Við gildistöku reglna þessara falla úr gildi reglur um úthlutun örorkustyrkja nr. 116/1974 með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. september 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjöld í Ytri-Torfustaðahreppi.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir og byggingar á Laugarbakka í Ytri-Torfustaðahreppi (vegna lagningar bundins slitlags, gangstétta og tilheyrandi lagna í því sambandi), eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

## 2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádrægnum kostnaði við gatnagerð, sem hér segir:

Einbýlishús . . . . .	3%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði . . . . .	2%
Opinberar byggingar . . . . .	2%
Iðnaðar- og geymsluhúsnæði . . . . .	1,5%

Auk þess skulu lóðarhafar greiða kr. 100 af hverjum fermetra lóðar, en fyrir lóð íbúðarhúsa skal þó aldrei greiða meira en fyrir 500 fermetra.

Rúmmál húss skal reikna samkvæmt ákvæðum íslensks staðals og samþykktum uppdrætti. Bílgeymslur og önnur úthýsi skal reikna með í rúmmáli húss.

Greiðsla gjaldsins skal miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins eins og hann er á greiðsludegi eða við gerð greiðslusamnings.

## 3. gr.

Gatnagerðargjald fellur í gjalddaga þegar lagningu bundins slitlags lýkur á götu eða götuhluta. Heimilt er gjaldanda að semja um greiðslu  $\frac{1}{2}$  hluta gjaldsins með fjórum jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert. Skal sá hluti gjaldsins bundinn lánskjaravísitölu og bera vexti sambærilega útlánsvöxtum banka og sparisjóða.

Heimilt er hreppsnefnd að veita staðgreiðsluafslátt allt að 5%.